

Reglugerð um vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga (sumarbúðir o.fl.).

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi fjallar um leyfisveitingar og fleiri atriði er varða vistun barna á vegum annarra en barnaverndarnefnda á einkaheimilum eða öðrum heimilum samkvæmt ákvæði 91. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Reglugerðin tekur ekki til heimila þar sem börn dvelja með foreldrum sínum.

Reglugerðin tekur ekki til heimila sem rekin eru samkvæmt öðrum lögum, svo sem lögum um málefni fatlaðra eða um heilbrigðisþjónustu, eða rekin eru á vegum annarra opinberra aðila, svo sem skólayfirvalda og lúta eftirliti og umsjón þeirra yfirvalda.

2. gr.

Almennar skilgreiningar.

1. *Sumardvöl á einkaheimili.*

Með sumardvöl er átt við dvöl á einkaheimili gegn gjaldi í allt að þrjá mánuði yfir sumartíma á vegum annarra en barnaverndarnefnda, þ.e. á vegum foreldra eða þeirra sem fara með forsjá eða umsjá barns.

2. *Önnur heimili.*

Með þessu er átt við önnur heimili sem félagasamtök eða aðrir aðilar fá leyfi til að setja á laggirnar til að taka á móti börnum til sólarhringsdvalar til umönnunar, stuðnings, afþreyingar eða hollra tómstunda á vegum annarra en barnaverndarnefnda, þ.e. á vegum foreldra eða þeirra sem fara með forsjá eða umsjá barns. Hér undir falla staðir þar sem fram fer saman eða hvort í sínu lagi meðferð, tómstundastarf, námskeiðahald eða önnur óskilgreind umönnun, svo sem sumarbúðir, reiðskólar og neyðarathvörf.

3. *Rekstraraðili.*

Með rekstraraðila er átt við þann sem fær leyfi til að reka heimili samkvæmt þessari reglugerð. Rekstraraðili fer með yfirstjórn og ber fulla og óskoraða ábyrgð á starfi heimilis.

4. *Forstöðumaður.*

Ef rekstraraðili er annar en einstaklingur eða er einstaklingur sem ekki starfar við heimilið ber rekstraraðila að ráða sérstakan forstöðumann sem ber ábyrgð á daglegri starfsemi heimilis.

3. gr.

Aldur barna.

Sumardvöl eða vistun á öðru heimili samkvæmt þessari reglugerð er að jafnaði ekki ætluð börnum yngri en 6 ára.

4. gr.

Húsnæði.

Húsnæði þar sem börn eru vistuð samkvæmt þessari reglugerð skal fullnægja skilyrðum þeim sem sett eru í heilbrigðisreglugerð og öðrum fyrirmælum yfirvalda heilbrigðis-, bygginga- og brunamála varðandi húsnæði.

5. gr.
Ábyrgð.

Rekstraraðili ber alla ábyrgð á starfi heimilis. Rekstraraðili og allir starfsmenn þegar það á við skulu haga störfum sínum í sem fyllsta samræmi við líkamlegar og andlegar þarfir barna og stuðla að alhliða þroska og heilbrigði í uppeldi hvers og eins barns í samræmi við þau markmið sem viðkomandi heimili hefur.

Óheimilt er að veita leyfi til eða ráða til starfa á heimilum sem rekin eru samkvæmt þessari reglugerð aðila sem hlotið hefur refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, þegar brot aðila hefur beinst gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri.

Rekstraraðili skal gera ráðstafanir til að varna slysum innan heimilis sem utan og skal tileinka sér upplýsingar og fræðsluefni sem kann að vera aðgengilegt í því sambandi.

Aldrei má beita börn líkamlegum eða andlegum refsingum eða þvingunum á heimili sem rekið er samkvæmt þessari reglugerð.

6. gr.
Skrá um vistun.

Rekstraraðili ber ábyrgð á því að haldin sé skrá yfir þau börn sem dvalið hafa á heimili þar sem fram komi nafn þeirra, kennitala, heimilisfang og dvalartími.

Rekstraraðili ber ábyrgð á því að skrá öll tilvik um slys og óhöpp sem kunna að verða á börnum inni á heimilinu og utan meðan á vistun stendur.

7. gr.
Upplýsingar um börn.

Ef barn á við einhvers konar veikindi að stríða skal sá sem vistar barn sitt gefa rekstraraðila upplýsingar um veikindin og skýr fyrir mæli læknis um meðferð, lyfjagjöf o.s.frv. að svo miklu leyti sem slíkt á við. Rekstraraðilar skulu kynna þeim sem vista börn sín þetta ákvæði.

8. gr.
Trúnaður.

Rekstraraðili, forstöðumaður og aðrir starfsmenn þegar það á við skulu gæta fyllsta trúnaðar um allar persónuupplýsingar sem þeim eru látnar í té í tengslum við vistun barns. Trúnaðarskylda helst þó látið sé af starfi.

9. gr.
Almennt um eftirlit.

Barnaverndarnefnd skal fylgjast með því að leyfishafi uppfylli hverju sinni almenn skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Barnaverndarnefnd ber að fylgjast vandlega með högum og aðbúnaði barna sem dvelja í sumardvöl á einkaheimilum eða á öðrum heimilum sem rekin eru samkvæmt reglugerðinni. Ber barnaverndarnefnd að heimsækja heimilin eins oft og þurfa þykir og eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Barnaverndarstofa getur hvenær sem er kafið barnaverndarnefnd um skýrslu um eftirlit með heimilum í umdæmi nefndarinnar.

Skylt er rekstraraðila að afhenda barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofu allar upplýsingar um starfsemi heimilis sem óskað er eftir, svo sem skrá yfir börn og starfsmenn, dagskrá, vottorð og gögn, dagbækur, skrá

yfir slys og óhöpp svo og annað það sem kann að vera óskað eftir og varpað getur ljósi á það sem fram fer á heimilinu.

10. gr.

Misfellur í aðbúnaði barns.

Þeir sem starfa á eða í tengslum við heimili sem rekið er samkvæmt þessari reglugerð, svo og hver annar sem hefur ástæðu til að ætla að barn sem vistað er á slíku heimili, búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu skulu tafarlaust tilkynna það barnaverndarnefnd þar sem viðkomandi barn býr. Einnig skal tilkynna það barnaverndarnefnd í umdæmi heimilisins. Tilkynningarskylda gengur framár ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Telji barnaverndarnefnd í umdæmi heimilis að umönnun eða meðferð barns á heimili sem rekið er samkvæmt reglugerðinni sé óhæfileg eða rekstri þess á annan hátt ábótavant skal hún leitast við með leiðbeiningum og áminningum að fá úr því bætt sem áfátt er.

11. gr.

Svipting starfsleyfis.

Ef umönnun barns er óhæfileg, rekstri heimilis ábótavant eða um annars konar brot á ákvæðum reglugerðarinnar er að ræða getur komið til sviptingar starfsleyfis.

Barnaverndarnefnd getur svipt rekstraraðila leyfi til að vista börn í sumardvöl á einkaheimili skv. 1. tölul. 2. gr.

Barnaverndarstofa getur, samkvæmt ábendingum barnaverndarnefndar eða að eigin frumkvæði, svipt rekstraraðila leyfi til að reka úrræði skv. 2. tölul. 2. gr.

12. gr.

Málskot.

Ákvörðunum barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu um leyfisveitingar og leyfissviptingar er unnt að skjóta til kærunefndar barnaverndarmála.

13. gr.

Heimili án starfsleyfis.

Barnaverndarnefnd skal gæta þess að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur heimili en þau sem hlotið hafa leyfi samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

Fái barnaverndarnefnd vitneskju um að rekið sé heimili fyrir börn, sem undir þessar reglur falla, án tilskilins leyfis skal nefndin gera rekstraraðila heimilis viðvart um tilvist reglnanna og gefa hæfilegan frest til að hann leggi fram umsókn til þess sem veitir leyfi. Ef um er að ræða heimili skv. III. kafla reglugerðarinnar skal barnaverndarnefnd einnig gera Barnaverndarstofu viðvart. Berist umsókn um leyfi ekki innan tilskilins frests getur sá sem veita skal leyfið farið fram á að viðkomandi heimili verði lokað. Barnaverndarnefnd og Barnaverndarstofa eftir því sem við á geta leitað til lögreglu til að fá heimili lokað.

II. KAFLI

Sumardvöl á einkaheimili.

14. gr.

Umsóknir.

Þeir sem óska eftir að taka barn í sumardvöl skv. 1. tölul. 2. gr. skulu sækja um leyfi barnaverndarnefndar í sínu heimilisumdæmi. Í umsókninni skal koma fram:

- a. nafn (nöfn) umsækjanda og kennitala,
- b. heimilisfang umsækjanda,
- c. nöfn annarra heimilismanna,
- d. upplýsingar um aðra starfsemi á heimili, svo sem gistiþjónustu, atvinnurekstur eða umönnun einstaklinga,
- e. aldur og fjöldi barna sem óskað er eftir að taka til dvalar,
- f. hvort hugmyndin sé að sinna einnig börnum með sérþarfir svo sem fötluðum börnum og
- g. tímabil það sem óskað er að hvert barn dvelji á heimilinu í senn.

15. gr.

Vottorð, umsagnir og önnur gögn.

Umsókn skal fylgja:

- a. hjúskapar-/sambúðarvottorð ef við á,
- b. heilbrigðisvottorð allra heimilismanna,
- c. samþykki allra heimilismanna eldri en 15 ára fyrir því að barnaverndarnefnd afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem sérstaklega komi fram hvort viðkomandi hafi nokkurn tíma hlotið refsídóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri,
- d. yfirlit yfir starfsferil umsækjanda, menntun og reynslu af starfi með börnum, og
- e. stutt lýsing umsækjanda á hvernig umönnun barnanna verði háttað, aðstöðu til leikja, útiveru og annarra tómstundastarfa.

16. gr.

Skilyrði leyfisveitingar.

Umsækjandi skal ekki vera yngri en 23 ára. Hjón eða sambýlisfólk skulu sækja um leyfi saman. Ekki er skilyrði að umsækjandi sé í sambúð eða hjónabandi.

Umsækjandi skal sækja viðurkennt námskeið í skyndihjálpslysum á börnum. Standi námskeið umsækjanda ekki til boða er heimilt að veita bráðabirgðaleyfi þar til hann hefur átt þess kost að ljúka námskeiði.

17. gr.

Fjöldi barna og lengd dvalar.

Að jafnaði skal ekki veita leyfi til að taka fleiri en fjögur börn í einu til dvalar, en aldrei fleiri en sex börn, þar með talin önnur börn sem dvelja á heimilinu yngri en 16 ára.

18. gr.

Afgreiðsla umsóknar.

Barnaverndarnefnd er heimilt að leita eftir upplýsingum um umsækjanda og aðbúnað á heimilinu frá öðrum aðilum, svo sem vinnuveitendum, öðrum barnaverndarnefndum, heilbrigðisfulltrúa og slökkviliðsstjóra, enda sé umsækjanda gert kunnugt um það.

Áður en barnaverndarnefnd afgreiðir umsókn skal fulltrúi nefndarinnar fara a.m.k. einu sinni á heimili umsækjanda og skrifa greinargerð um málið að lokinni gagnaöflun. Barnaverndarnefnd skal kynna greinargerðina fyrir umsækjanda og gefa honum kost á að koma að athugasemdum. Að því loknu skal nefndin afgreiða umsóknina með bókun.

Í leyfisbréfi skal koma fram fjöldi barna, hve lengi dvöl megi vara og gildistími leyfisins.

Barnaverndarnefnd getur framselt tilgreindum starfsmönnum sínum vald til afgreiðslu umsókna samkvæmt þessari grein, enda sé fullnægt skilyrðum 3. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

19. gr.

Gildistími.

Við fyrstu umsókn skal aldrei veita leyfi til lengri tíma en eins árs.

Óski viðkomandi eftir endurnýjuðu leyfi er heimilt að veita það til þriggja ára í senn. Við afgreiðslu á endurnýjuðu leyfi metur barnaverndarnefnd hvaða gögn eru nauðsynleg. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst frá því leyfi var síðast veitt. Auk þess skal fulltrúi barnaverndarnefndar fara á heimilið.

Heimilt er að veita leyfi til skemmri dvalartíma en þriggja mánaða og binda leyfið við tiltekna mánuði yfir sumartímann.

20. gr.

Tilkynning til Barnaverndarstofu.

Barnaverndarnefnd skal tilkynna Barnaverndarstofu um öll heimili sem fá leyfi til að taka börn í sumardvöl skv. 1. tölul. 2. gr.

III. KAFLI

Önnur heimili sem veita börnum viðtöku.

21. gr.

Umsóknir.

Þeir sem óska eftir að setja á stofn og reka heimili skv. 2. tölul. 2. gr., til að veita börnum viðtöku til umönnunar, stuðnings, afþreyingar eða hollra tómstunda, skulu sækja um leyfi Barnaverndarstofu eigi síðar en sex vikum áður en starfsemi á að hefjast. Í umsókninni skal koma fram:

- a. heiti heimilis og staðsetning,
- b. upplýsingar um rekstraraðila, nafn, kennitölu, heimilisfang, heima- og vinnusíma, menntun og núverandi starf ef um einstakling er að ræða,
- c. upplýsingar um forstöðumann ef það á við, nafn, kennitölu, heimilisfang, heima- og vinnusíma, menntun og núverandi starf,
- d. stutt lýsing á þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er,
- e. tímabil sem heimili er ætlað að starfa og sótt er um leyfi fyrir. Sé heimili ekki starfrækt allt árið skal tilgreina þann tíma úr ári sem um ræðir,
- f. aldur og fjöldi barna sem óskað er eftir að taka til dvalar,
- g. hvort hugmyndin sé að sinna einnig börnum með sérþarfir svo sem fötluðum börnum,
- h. tímabil það sem óskað er að hvert barn dvelji á heimilinu í senn og
- i. upplýsingar um aðra starfsemi á heimili, svo sem gistipjónustu, atvinnurekstur eða umönnun einstaklinga.

22. gr.

Vottorð, umsagnir og önnur gögn.

Umsókn skal fylgja:

- a. yfirlit yfir starfsferil rekstraraðila ef um einstakling er að ræða, menntun og reynslu af starfi með börnum,
- b. lýsing á verksviði og ábyrgð forstöðumanns þegar það á við og yfirlit yfir starfsferil forstöðumanns, menntun og reynslu af starfi með börnum,
- c. samþykki rekstraraðila ef um einstakling er að ræða og forstöðumanns fyrir því að Barnaverndarstofa afli upplýsinga úr sakaskrá þar sem sérstaklega komi fram hvort viðkomandi hafi nokkurn tíma hlotið refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri,
- d. meðmæli ábyrgs aðila þar sem lýst er hæfni rekstraraðila og forstöðumanns til að reka þá starfsemi sem fyrirhuguð er og færð rök fyrir því,
- e. greinargerð þar sem lýst er tilgangi fyrirhugaðs starfs, markmiðum, aðferðum, kenningum og hugmyndafræði svo og öðru sem umsækjandi telur ástæðu til að taka fram,
- f. upplýsingar um fjölda starfsfólks og verkaskiptingu þess ef um það er að ræða, þ. á m. hvort sérstakir starfsmenn starfa við hreingerningar, matseld, störf sérfræðinga o.s.frv.,
- g. stutt yfirlit yfir kröfur um menntun starfsmanna og reynslu þeirra af starfi með börnum,
- h. úttekt slökkviliðsstjóra og vottun um að brunavarnir séu fullnægjandi,
- i. leyfi byggingarnefndar ef um nýtt húsnæði eða breytta notkun þess er að ræða og
- j. starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

23. gr.

Skilyrði leyfisveitingar.

Forstöðumaður skal að jafnaði ekki vera yngri en 25 ára. Víkja má frá því með tilliti til menntunar og reynslu.

Aldrei skulu færri en tveir starfa á heimili samkvæmt þessum kafla. Starfsmenn geta þeir einir talist sem náð hafa 18 ára aldri. Unglingar yngri en 18 ára teljast ekki starfsmenn enda þótt þeir veiti starfi heimilis lið. Starfsmenn mega ekki hafa hlotið refsíðóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga, þegar brot aðila hefur beinst gegn einstaklingi sem ekki hefur náð 18 ára aldri, sbr. 2. mgr. 5. gr.

Að jafnaði skulu ekki vera fleiri en fimm börn í umsjá hvers starfsmanns en víkja má frá því eftir ákvörðun Barnaverndarstofu. Einnig getur Barnaverndarstofa gert auknar kröfur um fjölda starfsmanna. Við ákvörðun um fjölda starfsmanna skal einkum tekið mið af aldri barna og þörfum þeirra (þ.m.t. sérþörfum barna eða þarfa fatlaðra barna), þjónustu sem börnum er veitt (þ.m.t. matseld, hreingerningum og þvottum), menntun starfsmanna og reynslu, eðli og markmiðum starfsins, skipulagi, reynslu af starfi heimilisins, verkaskiptingu milli starfsmanna, lengd dvalar hvers barns í senn og hverjir leggi starfi heimilis lið án þess að teljast til starfsmanna.

Séu börn 20 eða fleiri í senn, svo sem í sumarbúðum, skulu starfsmenn með uppeldismenntun eða reynslu af slíku starfi, einn eða fleiri eftir ákvörðun Barnaverndarstofu, starfa á heimilinu. Þá getur Barnaverndarstofa gert kröfu um lágmarksmentun starfsmanna, sérfræðilega ráðgjöf og handleiðslu gagnvart þeim svo og að á heimili eða í tengslum við það starfi fólk með sérfræðilega þekkingu, svo sem á sviði læknisfræði, sálfræði, kennslu- og uppeldisfræði, allt eftir eðli þess starfs sem fram fer.

Rekstraraðili skal sjá um að starfsmenn hljóti sérstaklega þjálfun í því hvernig bregðast skuli við eldsvoða.

Rekstraraðili skal sjá til þess að sem flestir starfsmenn hafi til að bera þekkingu á grundvallaratriðum í skyndihjálpi. Undantekningarlaust skal starfa á heimili einn starfsmaður sem hefur sótt viðurkennt námskeið í skyndihjálpi/slysum á börnum. Séu börn fleiri en 20 skulu sem flestir starfsmanna hafa sótt námskeið um skyndihjálpi. Nauðsynleg fræðsla um skyndihjálpi skal endurnýjuð þriðja hvert ár.

24. gr.

Afgreiðsla umsóknar.

Þegar Barnaverndarstofu hefur borist umsókn um leyfi til að reka heimili samkvæmt þessum kafla skal stofan senda hana ásamt fylgigögnum til umsagnar barnaverndarnefndar þar sem heimili verður starfrækt. Barnaverndarnefnd ber að senda umsögn sína eigi síðar en þremur vikum frá því að hennar var óskað. Barnaverndarstofa gefur út leiðbeiningar fyrir barnaverndarnefndir um gerð umsagna.

Barnaverndarstofu er heimilt að óska frekari meðmæla og leita eftir upplýsingum um umsækjanda og aðbúnað á heimili frá vinnuveitendum, barnaverndarnefndum annars staðar á landinu eða öðrum sem kunna að búa yfir upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að leggja mat á umsókn, enda sé umsækjanda gert kunnugt um það.

Að fenginni umsögn barnaverndarnefndar afgreiðir Barnaverndarstofa umsóknina. Í leyfisbréfi skal koma fram fjöldi barna, hve lengi dvöl megi vara og gildistími leyfisins.

25. gr.

Aðbúnaður.

Öll neysla áfengis, tóbaks og annarra vímuefna er bönnuð á heimilum sem rekin eru samkvæmt þessum kafla.

26. gr.

Gildistími.

Við fyrstu umsókn skal aldrei veita leyfi til lengri tíma en eins árs. Leyfisveiting er bundin við þann hluta úr ári sem starfseminni er ætlað að vara.

Óski viðkomandi eftir endurnýjuðu leyfi er heimilt að veita það til fimm ára í senn. Við afgreiðslu á endurnýjuðu leyfi metur Barnaverndarstofa hvaða gögn eru nauðsynleg. Þó skulu ætíð liggja fyrir upplýsingar úr sakaskrá um rekstraraðila og forstöðumann þegar það á við og skýrar upplýsingar um atriði sem kunna að hafa breyst frá því leyfi var síðast veitt.

27. gr.

Breytingar á starfsemi heimilis.

Rekstraraðili skal gera Barnaverndarstofu grein fyrir öllum meiri háttar breytingum sem kunna að verða á starfsemi heimilis á gildistíma starfsleyfis, eigi síðar en sex vikum áður en breytingar taka gildi. Undir þetta falla breytt markmið og innihald starfs, flutningur í annað húsnæði, upplýsingar um nýjan forstöðumann, breytingar á fjölda starfsmanna eða fjölda barna o.s.frv.

Barnaverndarstofa getur óskað eftir frekari gögnum, m.a. umsögn barnaverndarnefndar í umdæmi sem heimili flytur til.

28. gr.

Tilkynning til barnaverndarnefndar.

Barnaverndarstofa skal tilkynna barnaverndarnefnd um öll heimili í umdæmi nefndarinnar sem fá leyfi til að veita börnum viðtöku skv. 2. tölul. 2. gr.

IV. KAFLI

Gildistaka og ákvæði til bráðabirgða.

29. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 3. mgr. 91. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 562/2000 um einkaheimili sem taka börn til dvalar í atvinnuskyni í allt að sex mánuði og reglur nr. 401/1998 um heimili og stofnanir fyrir börn samkvæmt 1.–3. mgr. 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995.

Ákvæði til bráðabirgða.

Heimili sem hafa leyfi til að taka börn í sveit á sumrin á vegum annarra en barnaverndarnefnda samkvæmt reglugerð, nr. 562/2000, um einkaheimili sem taka börn til dvalar í atvinnuskyni í allt að sex mánuði og heimili sem hafa leyfi skv. reglum nr. 401/1998 um heimili og stofnanir fyrir börn samkvæmt 1.–3. mgr. 51. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, sbr. lög nr. 22/1995, mega starfa út gildistíma leyfisins. Hyggist heimili halda áfram starfsemi eftir að gildandi leyfi rennur út skal lögð fram umsókn í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

*Félagsmálaráðuneytinu, 8. apríl 2005.***Árni Magnússon.***Óskar Páll Óskarsson.***Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.